



## Tilmæli 35/2017

|                   |                                                                                 |
|-------------------|---------------------------------------------------------------------------------|
| Fyrri skjalsnúmer | A 1701/hállbart                                                                 |
| Afgreiðsla        | Norræna sjálfbærninefndin                                                       |
| Fylgiskjal        | Nefnarálit um þingmannatillögu um hafnsöguskyldu í Eyrarsundi (A 1701_hállbart) |

**Skráningar- og eftirlitskerfi siglinga um Eyrarsund**

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 28. nóvember 2017 eftirfarandi tilmæli í meðferð forsætisnefndar að tillögu norrænu sjálfbærninefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Danmerkur og Svíþjóðar

að efla skráningar- og eftirlitskerfi vegna siglinga um Eyrarsund í því skyni að fylgjast með öllum skipum sem fylgja ekki leiðbeiningum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO);

að kanna möguleikana á að útvíkka og þróa aðgreindar siglingaleiðir fyrir umferð skipa sem koma inn frá Kattegat og skipa sem eru á leið út frá Eystrasaltinu fyrir alla siglingaleiðina um Eyrarsundið.

Kaupmannahöfn, 1. desember 2017

*Britt Lundberg*

Forseti Norðurlandaráðs

*Britt Bohlin*

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs